

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS

Nefndasvið Alþingis
Hildur Edwald,
skjalaritari
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. apríl 2019
2019040024/42-1-1
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum, 792. mál., tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, 791. mál og frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun, 782. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 12. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um þrjú eftirfarandi mál: frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum (tilvísun í stefnu stjórvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku), 792. mál., tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, um stefnu stjórvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 791. mál og frumvarp til laga um breytingu á raforkulögum og lögum um Orkustofnun (EES-reglur, viðurlagaákvæði), 782. mál.

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands til utanríkismálanefndar Alþingis um tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál. Í umsögninni koma fram þær athugasemdir sem stofnunin hefur við framangreind mál atvinnuveganefndar Alþingis.

Virðingarfyllst


Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Bréf til utanríkismálanefndar
Alþingis, dagsett 24. apríl 2019.



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir
Alþingi
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 24. apríl 2019
2019040018/42-1-3

TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál.

Vísað er til tölvupósts/bréfs frá utanríkismálanefnd Alþingis, dags. 11. apríl sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), 777. mál.

Náttúrufræðistofnun telur að framangreint mál, um staðfestingu ákvörðunar EES-nefndarinnar, nr. 93/2017, um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (þriðji orkupakkinn), falli (að mestu leiti) utan hlutverks stofnunarinnar eins og málið er sett fram.

Eitt af hlutverkum Náttúrufræðistofnunar samkvæmt lögum nr. 60/1992 er að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda og aðstoða með rannsóknum við mat á verndargildi vistkerfa og náttúruminja og áhrifum mannvirkjagerðar og annarrar landnotkunar á náttúruna. Mikið hefur verið rætt um lagningu sæstrengs til Evrópu í þessu samhengi en ef af því yrði þá gæti það kallað á aukið álag á íslenska náttúru og nýtingu náttúruauðlinda sem þyrfti þá að skoða sérstaklega m.t.t. hóflegrar nýtingar.

Í framangreindri tillögu kemur fram í greinargerð, kafli 4.3, að upptaka þriðja orkupakkans í EES-samninginn feli ekki í sér neins konar skyldu eða skuldbindingu íslenskra stjórnvalda til að tengjast hinu sameiginlega raforkukerfi ESB með lagningu sæstrengs eða öðrum hætti. Jafnframt má benda á að fyrir Alþingi liggur tillaga til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, 791. mál, um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Í tillöggunni er lagt til að: „Ekki verður ráðist í tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng nema að undangengnu samþykki Alþingis. Skal það samþykki liggja fyrir áður en framkvæmdir sem varða slíka tengingu geta farið á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar.“ Einnig liggur fyrir Alþingi frumvarp tillaga um breytingu á raforkulögum, nr. 65/2003, 792. mál, með síðari breytingum þar sem lagt er til að á eftir 5. mgr. 9. gr. laganna komi ný málsgrein,



svohljóðandi: „Um tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng fer samkvæmt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku.“ Eðli málsins samkvæmt hefur hvorki framangreind tillaga til þingsályktunar eða frumvarp til breytinga á raforkulögum verið samþykkt.

Náttúrufræðistofnun bendir á að í stað þess að vísa eingöngu í stefnu stjórnvalda (þingsályktun) um uppbyggingu flutningskerfis raforku í máli 792 um breytingu á raforkulögum þá væri eðlilegra að fyrrgreindur texti þingsályktunarinnar, með smá breytingum, væri hluti af raforkulögum þ.e. að á eftir 5. mgr. 9. greinar kæmi ný mgr. svohljóðandi: Um tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng fer samkvæmt stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku. Ekki verður ráðist í tengingu raforkukerfis landsins við raforkukerfi annars lands í gegnum sæstreng eða með öðrum hætti nema að undangengnu samþykki Alþingis. Skal það samþykki liggja fyrir áður en framkvæmdir sem varða slíka tengingu geta farið á framkvæmdaáætlun kerfisáætlunar. Náttúrufræðistofnun leggur hér til að lagtextinn verði í samræmi við það sem kemur fram í kafla 4.3 í greinargerð sem vitnað er í hér að framan þ.e. að notað verði orðalagið í gegnum sæstreng eða með öðrum hætti á viðeigandi stað.

Með vísan í kafla 4.3 í greinargerð hér að framan og að fyrirliggi samþykki Alþingis um breytingu á þingsályktun nr. 26/148, 791. mál, og samþykki um breytingu á raforkulögum 792, mál, og jafnframt með vísan í önnur lög sem gilda á Íslandi s.s. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun nr. 48/2011, lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 og lög um náttúruvernd nr. 63/2013 er það mat Náttúrufræðistofnunar með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að ekki sé ástæða til að leggjast gegn samþykkt þriðja orkupakkans.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og rádgjafardeildar

